

Stefna Regins hf. um endurnýjun kæliefna

Reginn hf. („Reginn“ eða „félagið“) hefur sett sér eftirfarandi endurvinnslustefnu til að minnka umhverfisáhrif tæknibúnaðar sem notar kæliefni í samræmi við sjálfbærnistefnu félagsins.

Umfang stefnunnar

Stefnu um endurnýjun kæliefna skal fylgt þar sem Reginn er með rekstur í viðkomandi fasteign og þeim eignum sem eru vottaðar með BREEAM In-Use vottun eða eru í umsóknarferli um vottunina.

Stefna um endurnýjun kæliefna á við um allan búnað sem inniheldur meira en 5 kg af kæliefnum 1,2. Þegar búnaður er endurnýjaður vegna endurbóta, eða þegar hann hefur þjónað sínum tæknilega tilgangi, skal nota umhverfisvæn kæliefni með $GWP < 10$. Lista með viðurkenndum kæliefnum má sjá í töflu 1.

R-tala	Nafn efnis	GWP (hvatthlýnunarmáttur) 100 ár
R-30	Díklórmetan	9
R-170	Etan	3
R-290	Própan	3
R-600	Bútan	3
R-600a	Ísóbútan	3
R-717	Ammóníak	0
R-718	Vatn	<1
R-729	Loftegundir (köfnunarefni, súrefni, argon)	0
R-744	Koltvísýringur	1
R-1150	Etýlen	3
R-1234yf	2,3,3,3-Tetraflúorprópan	<1
R-1270	Própýlen	3

Tafla 1. Algengar gerðir kæliefna með lágt GWP

¹ Búnaður og svæði sem nota kæliefni eru meðal annars (en takmarkast ekki við): kæligeymslusvæði sem hægt er að ganga inn í, kæligeymslur (þ.m.t. skápar sem sýna mat og drykki), loftkæling og – hitun (t.d. varmadælur), kæling tækja í framleiðslu eða tölvuvinnslu (t.d. netþjóna/búnaðar í upplýsingatækni).

² Að undanskildum heimilistækjum í heimilisstærð (s.s. ísskápum og frystitækjum).

Ábyrgð

Forstjóri, eða eftir atvikum framkvæmdastjóri, bera ábyrgð á að stefnu um endurnýjun kæliefna sé framfylgt. Stefnuna og markmið hennar skal endurskoða árlega. Framkvæmdastjórar eru ábyrgir fyrir innleiðingu stefnunnar í daglegan rekstur félagsins og skulu setja markmið fyrir hverja einingu sem stuðla að því að ná settum markmiðum félagsins. Allt starfsfólk Regins skal fá kynningu á stefnunni sem gerir þeim kleift að skilja áhrif starfa þeirra á markmið félagsins um að minnka umhverfisáhrif tæknibúnaðar sem notar kæliefni.


Samþykkt af stjórn Regins hf. þann 16. desember 2021

Tómas Kristjánsson



Albert Þór Jónsson

Bryndís Hrafnkelsdóttir



Guðrún Tinna Ólafsdóttir



Heiðrún Emilía Jónsdóttir

